

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	25.09.19
Málalykill	02.60
Mál nr.	1904077



Garðabær
B.t. fjölskyldusviðs
Ráðhúsi Garðabæjar, Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 19. september 2019

Efni: Ítrekun - krafa um hækkun á mánaðarlegu framlagi sveitarfélags til NPA samninga

NPA miðstöðin vísar til bréfs miðstöðvarinnar dags. 21. júní 2019 sem sent var öllum sveitarfélögum sem miðstöðin er í samstarfi við varðandi umsýslu með NPA samningum. Í bréfinu er raktar kjarasamningshækkanir NPA aðstoðarfólks á árinu 2019 og útreikningar miðstöðvarinnar á réttum jafnaðartaxta vegna framlaga til NPA samninga. Skorað var á sveitarfélög að hækka framlög sín til NPA samninga til samræmis við ákvæði kjarasamninga og virða ákvæði reglugerðar nr. 1250/2018 um NPA varðandi fjárframlög til NPA. Enn fremur er vísað til bréfs NPA miðstöðvarinnar dags. 29. mars 2019 þar sem skorað var á sveitarfélög virða ákvæði reglugerðarinnar um fjárhagslega framkvæmd NPA.


Samkvæmt útreikningum NPA miðstöðvarinnar þarf jafnaðarstund NPA samninga sem kveður á um aðstoð allan sólarhringinn þar sem notandi getur ekki nýtt hvíldarvaktir, skv. bókun 1 í sérkjarasamningi NPA miðstöðvarinnar við Eflingu/SGS, að nema 4.913,04 kr. á klukkustund að lágmarki, eða 3.592.251 kr. heildarframlag á mánuði. Jafnaðarstund samnings sem kveður á um aðstoð allan sólarhringinn hjá notanda sem getur nýtt sér hvíldarvaktir þarf að nema 4.476,54 kr. á klukkustund, eða 3.267.877 kr. heildarframlag á mánuði. Jafnaðarstund samnings þar sem ekki er gert ráð fyrir næturvinnu, þ.e. hvorki hvíldarvöktum né vakandi næturvöktum, þarf að vera 4.733,62 kr. Útreikningarnir eru aðgengilegir á heimasíðu NPA miðstöðvarinnar, www.npa.is.

Nokkur sveitarfélög, þar á meðal Reykjavíkurborg, hafa hækkað framlög sín til NPA til samræmis við útreikninga NPA miðstöðvarinnar, afturvirkir. Hins vegar hefur enn ekki verið brugðist við af hálfu Garðabæjar. Að þessu tilefni vil NPA miðstöðin ítreka kröfu sína um að framlög sveitarfélagsins séu aðlöguð að kjarasamningum NPA aðstoðarfólks, afturvirkir frá að minnsta kosti 1. apríl sl. Um skyldu Garðabæjar til þess að miða framlög til NPA samninga við kjarasamninga aðstoðarfólks vísast til 16. gr. reglugerðar nr. 1250/2018. Telji Garðabær sér ekki skylt að uppfæra texta sína til samræmis við útreikninga NPA miðstöðvarinnar er þess krafist að sveitarfélagið rökstyðji þá afstöðu sína. Er þá jafnframt óskað eftir því að sveitarfélagið leggi fram eigin útreikninga til staðfestingar á því að framlög sveitarfélagsins geti staðið undir launum og launatengdum gjöldum NPA aðstoðarfólks í sveitarfélaginu.

Þá er þess krafist að Garðabær leggi til viðbótarfjármagn inn í alla NPA samninga vegna skyldunámskeiða Félagsmálaráðuneytisins um NPA fyrir aðstoðarfólk (grunn- og framhaldsnámskeið), sbr. 2. mgr. 19. gr. reglugerðar um NPA, ásamt því að leggja mat á vinnuframlag aðstoðarverkstjórnenda í þeim samningum það sem það á við og leggja til viðbótarframlag inn í þá samninga vegna þess kostnaðar, sbr. 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.

Þess er óskað að Garðabær bregðist við bréfi NPA miðstöðvarinnar skriflega fyrir 5. október n.k. Verði ekki brugðist við kröfu NPA miðstöðvarinnar má búast við að miðstöðin leiti réttar síns og félagsmanna sinna með kæruleiðum eða erindum til Umboðsmanns Alþingis.

Virðingarfyllt,
fh. NPA miðstöðvarinnar svf.,



Hjörtur Örn Eysteinnsson
Framkvæmdastjóri